



## Ársskýrsla 2015



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn

[www.logreglan.is](http://www.logreglan.is)


[www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)

Ritstjóri: Margrét Herdís Jónsdóttir

Sviðsstjórar og deildarstjórar hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efnið

Uppsetning: Svansprent ehf.

Útgefið: Júní 2016



# Ríkislögreglustjórinn

## Ársskýrsla 2015

---

Starfsemi og rekstur



## Efnisyfirlit

Frá ríkislögreglustjóra .....	4
Rekstur embættis RLS .....	5
Umbótastarf innan embættisins .....	5
Starfsmenn ríkislögreglustjóra .....	5
Yfirlit yfir verkefni RLS 2015 .....	7
Umsjón með ökutækjum lögreglunnar .....	7
Starfsemi tölvudeildar .....	8
Starfsemi almannavarnadeildar .....	10
Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar .....	13
Starfsemi sérsveitar .....	14
Starfsemi alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra .....	15
Starfsemi greiningardeildar .....	17
Kennslanefnd .....	18
Skjalastýring og móttaka .....	19
Starfsemi þróunar og rannsókna .....	19
Sérstaka hraðaeftirlitið 2015 .....	21
Stafrænar hraðamyndavélar .....	21
Starfsmenn lögreglu .....	23
Fjöldi lögreglumanna við störf 1. febrúar 2015 .....	23
Fjöldi lögreglustjóra 1. febrúar 2015, greindur eftir starfsstigi og kyni .....	23
Fjöldi annarra starfsmanna við störf 1. febrúar 2015 .....	24
Félagastuðningur og handleiðsla starfsmanna .....	24
Jafnréttismál lögreglunnar .....	25
Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf .....	27
Summary in English .....	30

## Frá ríkislögreglustjóra

Ég byrjaði ungur að starfa í lögreglunni. Vann sem lögreglumaður samhliða laganámi í Lagadeild Háskóla Íslands. Ég hef starfað sem almennur lögregluþjónn, eins og starfsheitið var þá, og varalögreglustjóri í Reykjavík og ríkislögreglustjóri. Alls nema starfsárin nokkrum tugum. Margt hefur breyst til batnaðar og lögreglan hefur burði til að vera frábær vinnustaður.

Ég rifja þetta upp vegna þess að mér þykir eitt mikilvægt atriði ekki breytast. Það er hið neikvæða viðhorf sem hæst heyrst. Lögreglumenn og stjórnendur og ekki hvað síst stéttarfélag lögreglumanna eiga að setja fram áætlun um hvernig hinu neikvæða viðhorfi verður breytt í hið jákvæða. Að gagnrýna er góðra gjalda vert en ef gagnrýni er neikvæð og stöðug jafnvel áratugum saman verður lögreglan að staldra við og velta því fyrir sér hvort hún sé á réttri leið.

Hugum að því sem er jákvætt í starfinu og göngum jákvæð og þakklát til verka á degi hverjum og látum hið neikvæða ekki yfirgnæfa það sem er jákvætt og gefandi við starfið. Öll viljum við láta gott af okkur leiða og höfum valið þennan starfsvettvang þess vegna og til að vinna með fólki og hjálpa því oft á erfiðustu stundum í lífi þess. Starfið getur gefið okkur það sem við leitum eftir og í stað þess að einblína á hið neikvæða og leyfa neikvæðninni að ráða för þá skulum við leggja áherslu á faglega umræðu og jákvæða sýn á starfið. Stöðug neikvæð umræða frá lögreglunni er hennar helsti óvinur.

Haraldur Johannessen  
Ríkislögreglustjóri

## Rekstur embættis RLS

**Tafla 1.** Rekstur embættis ríkislögreglustjóra í tölum árið 2015.

	2015	2014
01 Laun	1.283 m.kr.	1.194 m.kr.
02 Ferðir og fundir	73 m.kr.	63 m.kr.
03 Rekstrarvörur	69 m.kr.	130 m.kr.
04 Aðkeypt þjónusta	443 m.kr.	515 m.kr.
05 Húsnæði	140 m.kr.	144 m.kr.
06 Bifreiðar og vélar	285 m.kr.	335 m.kr.
07 Rekstrarkostnaður	110 m.kr.	158 m.kr.
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>2.404 m.kr.</b>	<b>2.539 m.kr.</b>
08 Sértekjur	-776 m.kr.	-751 m.kr.
10 Framlag ríkissjóðs	-1.578 m.kr.	-1.757 m.kr.
<b>Sértekjur og fjárheimildir alls</b>	<b>-2.354 m.kr.</b>	<b>-2.508 m.kr.</b>

### Umbótastarf innan embættisins

Á árinu 2015 var áfram lögð áhersla á umbætur í starfsemi embættisins og var sérstakur umbótahópur starfandi fram á mitt ár. Umbótahópurinn byrjaði árið með kynningu á samantekt sinni úr fundum með starfsfólki sem fóru fram í lok árs 2014. Meðal atriða sem komu fram var að liðsheild embættisins hefði eflst síðastliðin ár og var það síðar staðfest með mælikvörðum í starfsmannakönnunum. Þá komu fram fjölmargar ábendingar til stjórnenda um þætti sem betur mættu fara.

Í kjölfarið voru mánaðarlegir stjórnendafundir innan embættisins notaðir til að fylgja eftir þeim tillögum sem fram komu í samantektinni. Um haustið fór ríkislögreglustjóri svo í heimsóknir til deilda embættisins til að fylgja eftir tillögum um umbætur og meta árangur af starfi deildanna. Starfsmenn tóku fundunum fagnandi. Ríkislögreglustjóri var hvattur til að gera þessa fundi að árlegum viðburði og ákvað hann að verða við þeirri ósk. Áfram verður unnið að umbótastarfi hjá embættinu af hálfu stjórnenda, mannauðsdeildar, öryggisnefndar og trúnaðarmanna.

### Starfsmenn ríkislögreglustjóra

Starfsmenn embættis ríkislögreglustjóra voru 115 í lok árs 2015. Árið áður voru þeir 124 og var fækkunin því 7%. Þegar starfsmannaveltan árið 2015 er skoðuð má sjá að heildarveltan var 5% og raunvelta 2%. Sjá nánar í töflu 2.

**Tafla 2.** Fjöldi starfsmanna ríkislögreglustjóra, kyn, tapaðar vinnustundir og starfsmannavelta.

Fjöldi starfsmanna 31.12.2014	124 starfsmenn, 112 stöðugildi
Fjöldi starfsmanna 31.12.2015	115 starfsmenn, 113 stöðugildi
Hlutfall kvenna af lögreglumönnum	Af 79 lögreglumönnum eru 4 konur þ.e. 5%
Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum	Af 36 borgaralegum starfsmönnum eru 15 konur þ.e. 42%
Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda, slysa og veikinda barna	10.366 vinnustundir, þ.e. rúmlega 5 ársverk
Heildarvelta	5%
Raunvelta	2%



## Yfirlit yfir verkefni RLS 2015

### Umsjón með ökutækjum lögreglunnar

Lögreglan í landinu hefur til umráða 140 ökutæki. Heildarakstur ársins 2015 var 3.319.942 kílómetrar. Það er svipaður akstur frá árinu áður.

**Tafla 3.** Akstur ökutækja hjá lögregluembættum 2013-2015\*, eknir kílómetrar.

	2013	2014	2015
Lögreglustjórinn á Austurlandi	256.022	263.235	228.602
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæinu	1.284.760	1.272.554	1.130.164
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	302.603	335.217	323.272
Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	134.222	168.861	177.789
Ríkislögreglustjórinn	297.097	304.245	213.026
Lögreglustjórinn á Suðurlandi	368.085	373.706	401.052
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	345.929	320.044	286.975
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	138.354	169.068	163.670
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	43.026	44.245	43.559
Lögreglustjórinn á Vesturlandi	238.361	282.980	327.873
Lögregluskóli ríkisins	15.119	39.293	23.960
<b>Samtals</b>	<b>3.423.578</b>	<b>3.573.448</b>	<b>3.319.942</b>

\*Tölur um akstur á árunum 2013 og 2014 eru byggðar á eldri umdæmaskipan og lagðar saman til að mynda tölur fyrir nýju embættin.

Starfshópur á vegum ríkislögreglustjóra hefur unnið að því á undanförunum árum að fækka tjónum sem verða á ökutækjum lögreglunnar. Dregið hefur úr tjónum vegna eftirfara lögreglu og í flestum þeim tilvika hafa tjónin fengist bætt hjá tryggingafélagunum. Vert er að geta að aukning hefur orðið á tjónum á lögregluökutækjum vegna umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Má í því sambandi nefna hraðahindranir þar sem skemmdir verða á undirvagni, skemmdir vegna þrenginga á akbrautum, vegriða og annarra hindrana. Það sem hækkar tjónakostnað á árinu eru tvö stærri tjón: Breytt jeppabifreið hjá lögreglunni á Austurlandi valt við Dreka í Holuhrauni með þeim afleiðingum að bifreiðin var dæmd óviðgerðarhæf. Bifreiðin var í umsjá lögreglunnar á Norðurlandi eystra er óhappið varð. Einnig varð mikið tjón á lögreglubifreið sérsveitar sem lenti í umferðaróhappi í neyðarakstri.

**Tafla 4.** Fjöldi og kostnaður tjóna á ökutækjum lögreglu frá 2013 – 2015.

	2013	2014	2015
<b>Fjöldi tjóna</b>	74	64	58
<b>Fjárhæð tjóna</b>	17.434.163 kr.	7.825.934 kr.	11.339.063 kr.

Á árinu voru pantaðar 10 nýjar lögreglubifreiðar að undangengnum örútböðum innan rammisamnings Ríkiskaupa. Niðurstaða örútböða var sú að pantaðar voru sérstyrktar Volvo V70 bifreiðar fyrir lögreglu, Skoda Superb 4x4 og Hyundai Santa Fe 4x4 jepplingar. Bifreiðarnar fóru í notkun hjá sjö lögregluembættum; á höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandi, Norðurlandi vestra og eystra, á Austurlandi og á Suðurnesjum. Ásamt kaupum á nýjum bifreiðum var fjarskiptabúnaður þeirra, upptöku- og radarbúnaður ásamt forgangsbúnaði endurnýjaður. Einnig var aukið við öryggisbúnað lögreglubifreiðanna til að tryggja betur öryggi lögreglumanna og lágmarka skemmdir á ökutækjunum.

Starfshópur ríkislögreglustjóra fylgdi því eftir að nýju ökutækin stæðust nauðsynlegar kröfur samkvæmt 2. gr. reglna ríkislögreglustjóra um ökutæki lögreglunnar.

### Starfsemi tölvudeildar

Í tölvudeild ríkislögreglustjóra störfuðu á árinu sjö manns, deildarstjóri, verkefnastjóri vegna Schengen-tölvukerfanna, þrír tæknimenn og tveir forritarar. Að auki naut deildin aðkeyptrar þjónustu tæknimanns við uppfærslu á skjölun vegna högunar Schengen-tölvukerfa.

Tölvudeildin hefur umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði lögreglunnar, nema Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem og Útlendingastofnunar, embættis ríkissaksóknara og embættis héraðssaksóknara.

Á neti lögreglunnar eru alls um 1.100 notendur á um það bil 60 starfstöðvum. Á árinu 2015 voru 80 útstöðvar endurnýjaðar hjá lögregluembættunum sem er ívið minna en á árinu á undan en stefna ríkislögreglustjóra er að sjá til þess að vinnustöðvar starfsmanna verði aldrei eldri en þriggja til fjögurra ára.

Öll þróun vegna lögreglukerfisins, LÖKE, er unnin af forriturum tölvudeildar sem og þróun „apps“ til nota í spjaldtölvum. Önnur hugbúnaðarþróun vegna upplýsingakerfa lögreglu er aðkeypt.

Tölvudeild RLS sinnir notendapjónustu við lögregluna í landinu auk Útlendingastofnunar, ríkissaksóknara og héraðsaksóknara. Á árinu 2015 voru skráðar samtals 1.290 beiðnir í þjónustubeiðnakerfi deildarinnar. Af þeim voru 694 afgreiddar samdægurs, 233 innan tveggja daga, 169 innan viku og 49 innan tveggja vikna. Óafgreiddar þjónustubeiðnir, skráðar á árinu 2015, voru í árslok 15 og því 1.275 lokið á árinu.

Stór þáttur í starfsemi deildarinnar var undirbúningsvinna vegna fyrirhugaðrar sameiningar tölvudeildar ríkislögreglustjóra og tölvudeildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu auk undirbúnings fyrir breytta högun á vélbúnaði og gagnageymslum.

### *Ný tölvukerfi sem tekin voru í notkun*

Á árinu var tveimur nýjum miðlægum tölvukerfum komið upp. Annars vegar var um að ræða svokallað DVI-kerfi (Disaster Victim Identification System), sem notað er til að skrá upplýsingar um slasaða og týnda einstaklinga sem og fundna einstaklinga, bæði lifandi og látna, auka líkamsleifa sem finnst og eykur þannig möguleika á að bera kennsl á einstaklingana. Hins vegar var um að ræða miðlægt kerfi fyrir upptökur á yfirheyrslum. Tekið var í notkun Skype for Business 2016 sem tók við af eldra kerfi en nýja kerfið gefur lögregluembættunum kost á hljóð- og myndsamskiptum manna á milli í starfi auk þess sem fjarfundir og önnur fjarkennsla verður þægilegri.

### *Schengen-upplýsingakerfin*

Um mitt síðasta ár fór fram innleiðing á nýju Eurodac-kerfi á Schengen-svæðinu. Verkefnið kallaðist Eurodac Recast. Ísland keypti sama hugbúnað og mörg önnur Evrópulönd en það er hugbúnaðarlausn sem er smíðuð í Noregi. VIS-kerfið hefur verið lengi í notkun og á árinu 2015 var lokið innleiðingu í sendiráðum bæði í Moskvu og Peking en verkefnið kallaðist „Rollout“. Með þeirri innleiðingu var opnað fyrir þann möguleika að veita vegabréfsáritanir í sendiráðum Íslands. Í tengslum við VIS-kerfið var grunnur lagður að því að hætt yrði að nota VISION og tekið upp VISMAIL 2 en þessi hluti VIS-kerfisins tryggir m.a. örugg samskipti á milli landa í tengslum við áritanir. Áætlað var að þessari vinnu lyki 2016.

SISII-SIRENE kerfið var uppfært á fleiri en einn hátt, uppfærðar voru stoðtöflur ásamt því að breyting var gerð á hugbúnaðinum. Allar breytingar sem voru gerðar á Schengen-tölvukerfunum byggjast á samráði milli landa sem taka þátt í Schengen-samstarfinu og þá eru m.a. breytingarnar tímasettar og prófanir fara fram bæði milli landa og hjá hverju landi fyrir sig. Auk áðurnefndra verkefna fór fram undirbúningur og umræða um mögulegar breytingar á kerfunum bæði innanlands og milli landa. Tölfræðiupplýsingar voru teknar saman ásamt því að svarað var könnunum en slíkar upplýsingar eru mikilvægur þáttur þegar línur eru lagðar um næstu skref. Einnig fór fram undirbúningur þess að settir yrðu upp nýir tölvuskápar.

Einn fjögurra slíkra skápa var settur upp á árinu með tilheyrandi búnaði fyrir örugga tengingu við útlönd. Fyrirhugað er að uppsetningu hinna þriggja tölvuskápanna ljúki á árinu 2016.

Unnið var við útvíkkun á kerfinu fyrir öryggismyndavélar og neyðarhnappa en kerfið heldur líka utan um önnur öryggisboð eins og innbrot, bruna og vatnstjón.

### *Spjaldtölvur í lögreglubílum*

Eftir að hafa rekið tilraunaverkefni með spjaldtölvur í lögreglubílum í um það bil eitt ár var verkefninu formlega ýtt úr vör á vordögum. Alls voru 16 bílar búnir spjaldtölvum í byrjun en í árslok voru þeir orðnir 20. Grunnurinn að þar til gerðu „appi“ í spjaldtölvunum var smíðaður af danska hugbúnaðarfyrirtækinu Bluefragments með stuðningi Microsoft, en að því loknu tóku forritarar tölvudeildar við verkefninu og hafa aukið við það og bætt svo um munar. Þrátt fyrir að ýmis smávægileg atriði hafi endrum og sinnum haft truflandi áhrif á tengingu spjaldtölvanna við miðlæg kerfi lögreglunnar hefur reynslan af notkun þeirra verið góð og hefur beiðnum til fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra fækkað með tilkomu spjaldtölvanna. Lögreglumennirnir geta þannig sjálfir nálgast þær upplýsingar sem þá vanhagar um. Í framtíðinni munu spjaldtölvurnar nýtast til að ljúka málum vegna umferðarlagabrota á vettvangi, með rafrænum hætti, en beðið er breytinga á lögum varðandi skýrslugerð, undirritun þeirra og afhendingu afrita af skýrslum. Ætla má að þegar allir merktir lögreglubílar verða búnir spjaldtölvum og öllum málum vegna umferðarlagabrota verður lokið með skráningu á vettvangi, sparist árlega úrvinnslutími sem nemur 10 starfsárum lögreglumanna.

### **Starfsemi almannavarnadeildar**

Víðir Reynisson lét af störfum sem deildarstjóri almannavarnadeildar á árinu og Hjálmar V. Björgvinsson tók við. Víðir var einn af fyrstu starfsmönnum almannavarnadeildar þegar málefni almannavarna voru flutt til ríkislögreglustjóra árið 2003 og starfaði hann sem deildarstjóri frá árinu 2006. Hjálmar Björgvinsson var áður deildarstjóri fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra.

### *Umbrot í Bárðarbungu og Holuhrauni*

Eldgosinu í Holuhrauni, sem hófst með umbrotum í Bárðarbungu haustið 2014, lauk seinni partinn í febrúar 2015. Eldgosið er það stærsta (í rúmmáli) frá því gaus í Laka 1783. Mikill meirihluti vinnu starfsmanna almannavarnadeildar fór í viðbrögð vegna umbrotanna og hélt hún áfram þrátt fyrir að eldgosinu væri lokið. Mörgum verkefnum tengdum því var enn ólókíð eins og sérhæfðu hættumati vegna flóða og viðbragðsáætlanagerð. Viðbúnaðarstig almannavarna var lækkað úr hættustigi í óvissustig 1. júní

2015. Lögreglan á Norðurlandi eystra var áfram með vakt á hálendinu norðan Dyngjujökuls og lauk henni formlega um haustið 2015. Óvissustigi vegna jarðhræringa í Bárðarbungu var aflýst 14. október 2015.

*Samhæfingarstöðin og virkjun almannavarnakerfisins*

Á árinu 2015 var 15 sinnum lýst yfir almannavarnastigi af einhverjum völdum. Fjórum sinnum vegna snjóflóðahættu og var í öllum tilfellum lýst yfir óvissustigi á hluta Vestfjarða auk þess sem lýst var yfir hættustigi á einstökum stöðum og hús rýmd. Almannavarnakerfið var virkjað fimm sinnum vegna atvika í flugi, tvisvar vegna skriðuhættu, einu sinni vegna óveðurs, einu sinni vegna eldgoss, vegna Skaftárhlaups og vegna elds um borð í hvalaskoðunarskipi á Skjálfandaflóa.

Lengsta aðgerð ársins 2015 í Samhæfingarstöð almannavarna var vegna eldgossins í Holuhrauni. Aðgerðin hófst þann 16. ágúst 2014 vegna jarðskjálfta undir norðanverðum Vatnajökli. Samhæfingarstöðin var virk í samtals 220 daga vegna aðgerðarinnar, þar af í 59 daga á árinu 2015. Aðgerðunum í Samhæfingarstöðinni lauk nokkrum dögum eftir að eldgosinu lauk þann 28. febrúar 2015. Þetta er lengsta virkjun Samhæfingarstöðvarinnar frá upphafi.

Samhæfingarstöðin tók þátt í sex æfingum á árinu. Þetta voru flugslysaæfingar á Gjögurflugvelli, Egilsstaðaflugvelli, Grímseyjarflugvelli og á Höfn í Hornafirði. Þá tók stöðin þátt í æfingu vegna hópslysa á Suðurnesjum og sóttvarnaæfingu á Keflavíkflugvelli.

*Yfirlit yfir viðbragðsáætlanir árið 2015*

Gerð viðbragðsáætlana er á ábyrgð almannavarnanefnda, en starfmenn almannavarnadeildar aðstoða við gerð þeirra. Mikið og gott samstarf á milli þessara aðila er lykillinn að góðum áætlunum. Reglulegir samstarfsfundir fara fram á meðan unnið er að áætlunum.

**Tafla 5.** Viðbragðsáætlanir árið 2015

Umdæmi	Tegund	Staða
Öll umdæmi	Heimsfaraldurinflúensu	Í uppfærslu
Suðurnes	Viðbragðsáætlun sóttvarna á Keflavíkflugvelli Flugslysaáætlun Viðbragðsáætlun vegna hópslysa	Endurskoðun Útgefin Í vinnslu
Austurland	Flugslysaáætlun Egilsstaðir	Uppfærð Í vinnslu

	Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Vatnajökli	
Norðurland eystra	Flugslysaáætlun Grímseyjarflugvallar Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Bárðarbungu eða norðan Vatnajökuls Viðbragðsáætlun vegna hópslysa AVN Þingeyinga Viðbragðsáætlun vegna hópslysa AVN Eyjafjarðar Jarðskjálftaáætlun Eyjafjörður	Uppfærð Útgefin Í vinnslu Í vinnslu Í vinnslu
Suðurland	Flugslysaáætlun Hornafjarðar Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Vatnajökli Hekla Mýrdalsjökull Eyjafjallajökull Herjólfur	Uppfærð Í vinnslu Í vinnslu Endurskoðun Endurskoðun Endurskoðun
Höfuðborgarsvæðið	Viðbragðsáætlunir fyrir Faxaflóahafnir Hvalfjarðargöng Flugslysaáætlun Reykjavík	Í vinnslu Endurskoðun Í vinnslu
Vestmannaeyjar	Eldgosaáætlun	Í vinnslu
Vestfirðir	Flugslysaáætlun fyrir Gjögur	Í vinnslu

### Rannsóknarverkefni

Almannavarnardeildin skilaði skýrslu embættisins vegna FUTUREVOLC verkefnisins í júní 2015. Skýrslan, D3.2 Report on Development of Standardized Volcanic Information, leggur sérstaka áherslu á miðlun upplýsinga til evrópska almannavarnakerfisins, European Civil Protection Mechanism, sem Ísland hefur verið beinn aðili að frá árinu 2003. Eitt af meginhlutverkum almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra í FUTUREVOLC verkefninu er að miðla upplýsingum inn í þetta kerfi og treysta samstarf deildarinnar við stjórnstöð almannavarna Evrópu, ERCC, í Brussel. Í skýrslunni eru birtar sviðsmyndir af mögulegum stórgosum á Íslandi sem gætu haft áhrif á meginlandi Evrópu og hvernig vísindaleg þekking og rannsóknir nýtast við að auka áfallaþol álfunnar.

Nordic Centre of Excellence on Resilience and Societal Security (NORDRESS) er þverfaglegt rannsóknarverkefni styrkt af NordForsk, norrænu rannsóknaráætluninni. Starfsmenn almannavarnardeildar eru þátttakendur í

nokkrum verkefnum í vinnuhópum NORDRESS meðal annars að rannsaka áhrif brennisteinstvívetnis frá eldgosinu í Holuhrauni á íbúa á Austurlandi með tilliti til viðbúnaðar og viðbragða.

Á árinu 2015 hófst evrópskt þróunarverkefni sem fjármagnað er af almannavarnakerfi Evrópusambandsins. Verkefnið snýst um að þróa verkfæri og aðferðafræði við áhættugreiningu vegna eldgosa. Spænska rannsóknarráðið leiðir vinnuna þar sem jarðvísindamenn, starfsmenn almannavarna og tryggingafélaga á Spáni, Íslandi og Portúgal koma saman. Ræsifundur verkefnisins var haldinn á Tenerife í apríl og vinnufundur var haldinn í Mýrdal í september.


### **Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar**

Markmið fjarskiptamiðstöðvar er að veita bestu þjónustu sem völ er á og tryggja eins stuttan viðbragðstíma og hægt er. Fjarskiptamiðstöðinni ber að gæta samræmingar í verkefnum og stuðla að samvinnu á milli lögregluembætta.

Á árinu var hafin vöktun á samfélagsmiðlum með forritinu Falcon í samvinnu við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu. Fjarskiptamiðstöð tók við vöktun á opinberu netfangi ríkislögreglustjóra. Endurnýjaðar voru tölvur og hugbúnaður á þremur vinnustöðvum og símstöðvardokkur endurnýjaðar á öllum vinnuborðum. Nokkrar viðbætur áttu sér stað í eftirlitskerfi æðstu stjórnar landsins. Lokið var vinnu við að setja upp aðgerðarrými RLS. Settar voru upp sex vinnustöðvar með símadokkum og tilheyrandi búnaði. Einnig var komið upp tölvu og símum í fundarherbergi FMR til að nota við frekari lögregluaðgerðir.

Fimm starfsmenn FMR eru í samningahópi ríkislögreglustjóra og sóttu námskeið og æfingar á árinu. Starfsmenn FMR vinna í nánú samstarfi við aðrar deildir innan embættis ríkislögreglustjóra. Hvíldaraðstaða starfsmanna var bætt.


Á mynd 1 má sjá að verkefnatengdum símtölum til lögreglu í gegnum 112 fjölgaði um 50% árið 2015 frá árinu á undan. (sjá mynd 1).



**Mynd 1.** Fjöldi símtala til fjarskiptamiðstöðvar eftir árum.

### Starfsemi sérsveitar

Alls voru skráð 405 verkefni árið 2015, þar af 198 sérsveitarverkefni. Af þeim voru sérsveitarmenn vopnaðir skotvopnum í 104 tilfellum. Verkefnin eru skráð í verkefnaflokka og hvert verkefni getur haft fleiri en einn flokk. Þá veitti sérsveit tilteknum embættum og stofnunum kennslu og þjálfun á árinu. Sjá nánar á mynd 2.




**Mynd 2.** Fjöldi sértækra verkefna sérsveitarinnar eftir eðli verkefna árið 2015.



### Almenn löggæsluverkefni

Samtals voru skráð 2.829 almenn lögregluverkefni sem sérsveitin vann árið 2015 til viðbótar við sértæk verkefni hennar. Flest verkefni sneru að hefðbundnum handtökum, heimilisofbeldi og eftirliti. Sjá nánari skiptingu á mynd 3.



**Mynd 3.** Fjöldi almennra löggæsluverkefna sérsveitarinnar eftir eðli verkefna árið 2015.

### Starfsemi alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra

Umfang verkefna á starfssviði alþjóðadeildar hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2013. Haustið 2015 leiddi verkefnapunginn til þess að forgangsraða þurfti verkefnum og afgreiðslutími lengdist. Ákveðið var að frá byrjun árs 2016 yrði tímabundin fjölgun um tvo starfsmenn.

Síðustu ár hefur margvíslegt umbótastarf verið unnið til að styrkja starfsemi, meðal annars til að minnka vinnuálag. Sífelld er unnið að því að auka faglega afgreiðslu verkefna með markvissara og einfaldara verklagi, bæði fyrir starfsmenn alþjóðadeildar og samstarfsaðila.

#### *Innviðir alþjóðadeildar og Alþjóðawiki*

Áfram var unnið að því að kynna lögregluembættunum og öðrum samstarfsaðilum starfsemi og þjónustu deildarinnar og þau úrræði sem erlent lögreglusamstarf býður uppá. Reynslan sýnir að slíkir vinnu- og kynningafundir efla gagkvæma þekkingu og samstarf og auka notkun.

Alþjóðadeild rekur vefsvæðið Alþjóðawiki, gagnvirkan upplýsingabrunn sem þjónar starfsmönnum deildarinnar og um leið öllum lögreglumönnum og samstarfsaðilum. Þar eru aðgengilegar allar upplýsingar um starfsemi alþjóðadeildar, þá þjónustu og úrræði sem deildin býður uppá ásamt leiðbeiningum um hvernig skuli bera sig að. Sífelld fleiri verkefni eru unnin með rafrænum formum og veflausnum í gegnum Alþjóðawiki. Uppbygging og rekstur vefsvæðisins er sífelluverkefni sem alþjóðadeild vill að allir starfsmenn lögreglu og samstarfsaðila komi að.

### *Erlent lögreglusamstarf*

Samstarf alþjóðadeildar og Evrópulögreglunnar (Europol) gengur mjög vel en föst viðvera tengslafulltrúa hjá Europol er mikilvægur og gagnlegur þáttur þess samstarfs. Fleiri lögregluembætti og samstarfsaðilar hafa nú beinan aðgang að samskiptakerfum og gagnagrunnum Europol og nýta sér betur og oftast þá þjónustu og úrræði sem í boði er. Íslensk löggæsluyfirvöld tóku þátt í 10 verkefnahópum (Focal Points) á vegum Europol á árinu.

Samstarf alþjóðadeildar við Alþjóðalögregluna (Interpol) gengur vel. Á alþjóðavísu er mikil áhersla lögð á að löggæsluyfirvöld nýti gagna- og upplýsingabanka Interpol við dagleg störf, bæði til uppflættis og skráninga. Í lok ársins lauk undirbúningi þess að lögreglumenn geti sjálfir flætt upp í gagnagrunnum Interpol í gegnum íslenska lögreglukerfið, LÖKE.

Upplýsingakerfi Schengen-samstarfsins (SIS) hefur tekið nokkrum breytingum síðustu misseri, meðal annars vegna aukinnar áherslu á baráttuna gegn hryðjuverkum og vígamönnum (Foreign Fighters). Alþjóðadeild hefur fylgst vel með þeirri þróun og innleitt nauðsynlega þætti í starfsemi deildarinnar. Notkun kerfisins jókst talsvert á árinu 2015, uppflætti eru nærri helmingi fleiri beint í gegnum SIS og hafa aukist talsvert í gegnum LÖKE. Á árinu varð metfjöldi í smellum á íslenskar skráningar erlendis og líka héraðs erlendis á erlendar skráningar.

Auk þess sem að ofan greinir þjónustaði alþjóðadeild sem fyrr margvísleg verkefni vegna annars erlends lögreglusamstarfs, s.s. Eurodac, Frontex, NFIP samstarfsins (landstengiliður vegna knattspyrnuleikja) og PTN (norrænt samstarf lögreglu- og tollgæslu).

### *Menntun og þjálfun*

Það er starfsemi alþjóðadeildar mikilvægt að sækja og viðhalda góðum tengslum og þekkingu á starfsemi þeirra stofnana sem deildin þjónustar, bæði innanlands og erlendis. Erlendis sóttu 8 starfsmenn 10 formleg námskeið á starfssviði alþjóðadeildar en jafnframt sóttu starfsmenn nokkurn fjölda vefnámskeiða. Þátttaka starfsmanna í erlendum og innlendum ráðstefnum, fundum og vinnuhópum sem falla undir ábyrgð og starfssvið deildarinnar tilheyrir menntun og þjálfun þeirra. Á árinu 2015 sóttu 9 starfsmenn alls 29 viðburði erlendis á því sviði.

### *Birtingar og lögreglufylgdir*

Til viðbótar við kjarnastarfsemi annast alþjóðadeild stærstan hluta birtinga á ákvörðunum stjórnvalda í málefnum útlendinga. Þá sér alþjóðadeild jafnframt um framkvæmd þegar útlendingi er gert að yfirgefa landið (lögreglufylgd) og framkvæmd framsalsmála. Frá árinu 2013 hafa verkefni á þessu sviði aukist umtalsvert samhliða auknum fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd. Á árinu stóð alþjóðadeild að 69 framkvæmdum þar sem 128 einstaklingum var fylgt.

### *Tækja- og tæknimál*

Á árinu var tekið í notkun nýtt miðlægt kerfi fyrir Eurodac samstarfið. Líkt og fyrri ár innti alþjóðadeild af hendi talsverða vinnu í þróun, viðhald og úttektir á þeim upplýsinga- og samskiptakerfum sem deildin hefur aðgang að.

### *Erindi og verkefni árið 2015*

Daglega móttækur alþjóðadeild mikinn fjölda erinda og tilkynninga í gegnum lokuð samskiptakerfi erlendra samstarfsaðila og notar þau með sama hætti til að senda út skeyti og fyrirspurnir frá Íslandi. Þá berst jafnframt talsverður fjöldi erinda í gegnum sameiginlegt netfang og símanúmer deildarinnar og með bréfpósti.

Árlega skipta innkomin og afgreidd erindi þúsundum. Fjölda þeirra lýkur með afgreiðslu innan deildar en sumum þarf að miðla til hlutaðeigandi samstarfsaðila og viðskiptavina.

### **Starfsemi greiningardeildar**

Á árinu 2015 vann greiningardeild skýrslu um mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi sem gerð var opinber í septembermánuði, skýrslu um hættu af hryðjuverkum og öðrum stórfelldum árásum sem birt var í febrúar og áhættumat og greiningu vegna komu flóttafólks og aukins álags á landamærum Íslands.

Alþjóðlegt samstarf við erlendar öryggisstofnanir og lögreglulið var líkt og áður mikilvægt verkefni greiningardeildar árið 2015. Má þar helst nefna Europol, norrænar lögreglu- og öryggisstofnanir, Bandarísku alríkislögregluna (FBI) og Leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA). Mikilvægur liður í því samstarfi er viðleitni til að hefta umsvif skipulagðra glæpahópa hér á landi. Verkefni greiningardeildar voru samtals 826 árið 2015 og fjölgaði því málum hjá deildinni um 392 á milli ára. (sjá töflu 6).

**Tafla 6.** Fjöldi verkefna greiningardeildar árið 2015.

Verkefni	2015	2014
Bakgrunnsathuganir vegna flug- og siglingaverndar	0	17
Öryggisvottanir vegna NATO-samstarfsins	205	244
Önnur tilfallandi mál	621	173
<b>Samtals</b>	<b>826</b>	<b>434</b>

Auk þessara mála gerði greiningardeild nokkrar ógnargreiningar vegna komu félaga í erlendum mótorhjólagergjum sem og hættumat vegna starfa landhelgisgæslunnar við Miðjarðarhaf. Þar að auki voru fjölmargar ógnargreiningar unnar vegna komu erlendra gesta til Íslands og einnig voru gerðar nokkrar ógnargreiningar fyrir utanríkisráðuneytið.

### Kennslanefnd

Kennslanefnd ríkislögreglustjóra hefur það hlutverk að bera kennsl á óþekkt lík eða líkamsparta. Hér á landi hefur starfað kennslanefnd frá 21. september 1989, þegar fyrst var skipað í hana. Nefndin starfar eftir leiðbeiningum frá Interpol og starfslýsingu frá árinu 2012 sem embætti ríkislögreglustjóra gaf út. Í kennslanefnd ríkislögreglustjóra eru rannsóknarlögreglumenn, tæknimenn lögreglu, réttarlæknir, tannlæknar, meinafræðingur og læknir. Innanríkisráðherra skipar í nefndina en í henni eru fjórir aðalmenn og ellefu varamenn.

Á árinu var haldið áfram að efla starf nefndarinnar samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra frá 2014. Keyptur var PlassData gagnagrunnur til að auðvelda störf kennslanefndar og hafinn undirbúningur að þjálfun í notkun hans. Búið er að leggja drög að „horfinna manna skrá“ í LÖKE-kerfinu, en hún hefur ekki verið til staðar. Þannig er skráin sýnileg lögreglumönnum um land allt svo unnt sé að vinna með hana. Hún verður einnig í PlassData svo halda megi þar utan um upplýsingar um lífssýni, tannfræðilegar upplýsingar og fleira. Um mánaðamótin ágúst/september sóttu um 50 manns fund norræna kennslanefnda hér á landi.

Kynning og skrifborðsæfing fyrir sérsniðna flugslysæfingu fyrir kennslanefnd fór fram dagana 9.-10. september í samstarfi við almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórann á Suðurnesjum og Samgöngustofu (rannsóknarnefnd samgönguslysa). Þennan viðburð sóttu 25 manns, lögreglumenn og tannlæknar í kennslanefnd RLS. Var það samdóma álit allra að um mjög brýnt og þarft framtak hafi verið að ræða. Afrakstur þessarar kynningar og skrifborðsæfingar er m.a. sá að myndaður var vinnuhópur sem hefur það hlutverk að gera gátlista vegna vettvangsrannsókna á

hópslysavettvangi. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá ofangreindum lögregluembættum og Samgöngustofu. Vettvangsæfingin sjálf og úrvinnsla fór fram dagana 7.-8. október á Keflavíkurflugvelli. Slík sérsniðin æfing sem hentar kennslanefnd hefur ekki áður verið haldin á Íslandi.

Formaður kynnti starfshætti kennslanefndar á fundi Félags yfirlögregluþjóna á Patreksfirði í lok apríl en þar voru einnig mættir alþingismenn sem eiga sæti í allsherjar- og menntamálanefnd þingsins. Formaður kynnti einnig starfshætti nefndarinnar á sameiginlegum fundi lögreglustjóranna með ríkislögreglustjóra þann 29. maí og á fundi með stöðvarstjórum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þann 24. júní.

Áfram var unnið að verkefnum á grundvelli samstarfssamningsins (MoU) sem undirritaður var við KRIPÓS, norsku ríkisrannsóknarlögregluna sumarið 2014 um þjálfun og aðstoð við stærri atburði. Lögreglumenn í nefndinni sóttu á árinu ráðstefnu Interpol (Disaster Victim Identification) og námskeið hjá Evrópska lögregluskólanum, CEPOL, um kennslanefndarstörf.

Á árinu 2015 komu fimm mál einstaklinga til úrlausnar hjá kennslanefnd. Í tveimur af þessum fimm málum var um flugslys að ræða. Í öllum þessum málum var auðkenning staðfest.

### Skjalastýring og móttaka

Í upphafi árs 2015 var tekin ákvörðun um að sækja um rafræn skil á málafni ríkislögreglustjóra til Þjóðskjalasafns Íslands. Í kjölfarið var skjalakerfið Gopro.net uppfært í útgáfu 2.8 og verklagsreglur um skjalastjórn uppfærðar til að standast kröfur um rafræn skil. Umsóknin var send inn til Þjóðskjalasafnsins í september 2015. Hún var samþykkt og tók gildi 1. janúar 2016. Í nóvember stóð Skjalastýring og móttaka fyrir fræðslufundi um skjalastjórn fyrir öll lögregluembættin í landinu. Markmiðið með fundinum var að efla tengsl og miðla þekkingu.

### Starfsemi þróunar og rannsókna

Embætti ríkislögreglustjóra fylgist með þróun aftbrota og eru tveir meginmælikvarðar notaðir til þess. Annars vegar eru teknar út tölur úr málaskrárkerfi lögreglunnar sem sýna brot sem eru tilkynnt/skráð hjá lögreglu. Hins vegar stendur embætti ríkislögreglustjóra í samvinnu við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að könnun meðal almennings á reynslu landsmanna af afbrotum og í hve miklum mæli brot séu tilkynnt til lögreglu. Í sömu könnun er einnig spurt um viðhorf til lögreglu.

Í ágúst 2015 var gefin út skýrslan Afbrotatölfræði 2014 þar sem birtar voru staðfestar tölur um afbrot samkvæmt málaskrárkerfi lögreglu. Birt er greining eftir helstu brotaflokkum og lögregluembættum auk upplýsinga um

magn fíkniefna sem lagt var hald á. Í töflu 7 má sjá brotaflokkana sem fjallað er um í skýrslunni. Afbrotatíðindi eru birt mánaðarlega á vef lögreglunnar en þau eru stuttar samantektir um brot í hverjum mánuði, auk annarrar greiningar á brotum tengdum málefnum líðandi stundar.

**Tafla 7.** Fjöldi brota árið 2014 miðað við meðaltal árunna á undan, eftir helstu brotaflokkum.

Brotaflokkur	Meðaltal 2011–2013	2014
Ofbeldisbrot	1.136	1.237
Kynferðisbrot	488	419
Auðgunarbrot	6.504	5.524
Fíkniefnabrot	2.039	2.375
Umferðarlagabrot	41.063	50.173
Eignaspjöll	2.102	1.867
Nytjastuldur	310	348
Brot gegn friðhelgi einkalífs	556	601
Skjalafals	256	278
Brot gegn áfengislögum	688	673
Brot gegn valdstjórninni	321	400

Í nóvember 2015 var gefin út skýrslan Reynsla almennings af afbrotum og viðhorf til lögreglu. Niðurstöður sýndu að árið 2014 höfðu um 38% landsmanna leitað eftir þjónustu/aðstoð hjá lögreglu og af þeim voru 86% frekar eða mjög ánægð með samskiptin. Flestir íbúar höfðu orðið fyrir eignaskemmdum (19%), þá þjófnum (10%) og innbroti (6%). Þá höfðu 4% íbúa orðið fyrir broti vegna viðskipta á netinu, um 3% orðið fyrir ofbeldisbroti og 2% kynferðisbroti. Yfir þriðjungur þeirra sem höfðu orðið fyrir innbroti (47%) og ofbeldisbroti (34%) tilkynnti það til lögreglu. Hlutfallslega færri tilkynntu um önnur brot, og fæstir kynferðisbrot eins og fyrri ár, eða 3%. Skýrsluna má finna á vef lögreglunnar undir “útgefið efni”.

#### *Norrænt samstarf á sviði afbrotatölfræði*

Starfshópur settur saman af ríkislögreglustjórum Norðurlandanna vann áfram að sameiginlegri útgáfu afbrotatölfræði en samstarfið hófst árið 2013. Fundur var haldinn á Íslandi í apríl og stefnt er að því að gefa árlega út skýrslu um þróun brota og samanburð milli landanna. Fyrsta skýrslan verður birt vorið 2016.

#### *Heimsóknir í lögregluembættin*

Verkefnastjórar í deild þróunar og mannauðs fóru um landið og funduðu með lögregluembættunum níu. Farið var yfir stöðuna á verklagi um

heimilisofbeldi með tilliti til skráningar og utanumhalds. Þá voru einnig kynntar niðurstöður könnunar um reynslu af afbrotum og viðhorf til lögreglu eftir landshlutum.

### *Öryggistilfinning lögreglumanna*

Stefnt er að því að gera árlega könnun meðal lögreglumanna þar sem spurt er út í vinnuaðstæður, öryggistilfinningu, þjálfun og annað sem tengist starfi þeirra. Tilgangurinn með slíkri könnun er að hafa yfirsýn yfir þær starfsaðstæður sem lögreglumenn búa við. Ríkislögreglustjóri lagði slíka könnun í fyrsta sinn fyrir í desember 2014 og var skýrsla um hana birt í maí 2015. Niðurstöður sýndu að meirihluti lögreglumanna eða um 80% taldi sig frekar eða mjög örugga á dæmigerðum vinnudegi. Þegar spurt var út í vinnuaðstæður sýndu niðurstöður að lögreglumönnum þóttu þeir síst öruggir væru þeir einir á vakt. Varnarbúnaður og þjálfun voru svo þau atriði sem höfðu mest áhrif á öryggistilfinningu þeirra. Einnig var spurt um ofbeldi og hótanir gegn lögreglumönnum og niðurstöður bornar saman við könnun sem gerð var árið 2005. Niðurstöðurnar voru sambærilegar en meirihluti hafði upplifað hótanir og/eða orðið fyrir ofbeldi á vinnutíma á síðastliðnum fimm árum eða um 81% þátttakenda. Að lokum var spurt um starfsánægju lögreglumanna. Mikill meirihluti reyndist ánægður með starf sitt, um 95% þátttakenda sögðust frekar eða mjög ánægð.

### **Sérstaka hraðaeftirlitið 2015**

Embætti ríkislögreglustjóra voru veittar 30 milljónir króna árið 2015 til verkefnis um sérstakar aðgerðir sem eiga að leiða til fækkunar umferðarslysa og minni byrða samfélagsins sökum þeirra.

Fjármagnið skiptist þannig að til sérstaka umferðaeftirlitsins var varið 16 milljónum og tóku 8 lögregluembætti þátt í eftirlitinu frá júní til enda ágúst. Sérstaklega var fylgst með hraðakstri og áhersla lögð á vegi þar sem Vegagerðin hefur greint áhættusama vegakafli. Jafnframt því voru gerðar athugasemdir við önnur umferðarlagabrot sem uppgötvuðust í eftirlitinu. Alls voru brotin 629, þar af 606 vegna hraðaksturs eða um 96%. Önnur brot voru 23.

### **Stafrænar hraðamyndavélar**

Veittar voru 14 milljónir króna til úrvinnslu úr löggæslumyndavélum til lögreglustjórans á Vesturlandi.

Fyrstu hraðamyndavélarinnar hér á landi, tvær að tölu, voru settar upp í Hvalfjarðarsveit í júlí 2007. Frá þeim tíma hefur 16 myndavélum verið bætt við.

**Tafla 8.** Skráð hraðakstursbrot árin 2012-2015.

Ár	Skráð brot	% skráðra hraðakstursbrota	Meðalfjöldi brota á dag	Virkar myndavélar
<b>2012</b>	<b>18.887</b>	<b>59,8 %</b>	<b>52</b>	<b>17</b>
<b>2013</b>	<b>13.028</b>	<b>54,2%</b>	<b>36</b>	<b>18</b>
<b>2014</b>	<b>28.123</b>	<b>75,7%</b>	<b>77</b>	<b>18</b>
<b>2015*</b>	<b>33.678</b>	<b>79,9%</b>	<b>92</b>	<b>18</b>

\*Bráðabirgðatölur, teknar út í mars 2016



## Starfsmenn lögreglu

### Fjöldi lögreglumanna við störf 1. febrúar 2015

**Tafla 9.** Fjöldi lögreglumanna 1.febrúar 2015, greindur eftir starfsstigi og embættum.

Umdæmi/embætti	Yfirlögregluþjónn	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	Aðalvarðstjóri	Lögreglufulltrúi	Varðstjóri	Rannsóknarlögreglumaður	Lögreglumaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Afleysingamaður	Héraðslögreglumaður	Alls
Lögreglustjórinn á Austurlandi	1	1	0	1	4	1	11	19	1	11	31
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3	10	8	20	52	85	110	288	0	0	288
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	2	0	1	1	9	5	24	42	0	5	47
Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	2	0	0	0	5	0	8	15	0	8	23
Lögreglustjórinn á Suðurlandi	2	1	1	1	10	3	19	37	0	7	44
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	1	3	9	7	16	14	32	82	1	0	83
Lögreglustjórinn á Vesturlandi	3	0	1	2	7	2	16	31	14	0	45
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	1	1	0	1	5	1	9	18	3	8	29
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	1	0	0	1	4	0	4	10	1	0	11
Lögregluskóli ríkisins	2	0	0	6	0	0	0	8	0	0	8
Ríkislögreglustjórinn	2	8	18	11	19	0	26	84	0	0	84
Sérstakur saksóknari	2	0	0	17	0	0	0	19	0	0	19
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>24</b>	<b>38</b>	<b>68</b>	<b>131</b>	<b>111</b>	<b>259</b>	<b>653</b>	<b>20</b>	<b>39</b>	<b>712</b>

**Tafla 10.** Fjöldi lögreglumanna 1.febrúar 2015, greindur eftir starfsstigi og kyni.

Starfsstig	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Yfirlögregluþjónn	22	0	22	100,0%	0,0%
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	22	2	24	91,7%	8,3%
Aðalvarðstjóri	36	2	38	94,7%	5,3%
Lögreglufulltrúi	55	13	68	80,9%	19,1%
Varðstjóri	124	7	131	94,7%	5,3%
Rannsóknarlögreglumaður	94	17	111	84,7%	15,3%
Lögreglumenn	205	54	259	79,2%	20,8%
<b>Samtals</b>	<b>558</b>	<b>95</b>	<b>653</b>	<b>85,5%</b>	<b>14,5%</b>
Héraðslögreglumaður	34	5	39	87,2%	12,8%
Afleysingarmaður	18	2	20	90,0%	10,0%
<b>Samtals</b>	<b>610</b>	<b>102</b>	<b>712</b>	<b>85,7%</b>	<b>14,3%</b>

**Tafla 11.** Fjöldi lögreglustjóra 1. febrúar 2015, greindur eftir starfsstigi og kyni.

Starfstíll	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Ríkislögreglustjóri	1	0	1	100,0%	0,0%
Lögreglustjóri/Skólastjóri/Sérst. saksóknari	7	4	11	63,6%	36,4%
Aðstoðarlögreglustjóri	2	1	3	66,7%	33,3%
<b>Samtals</b>	<b>10</b>	<b>5</b>	<b>15</b>	<b>66,7%</b>	<b>33,3%</b>


## Fjöldi annarra starfsmanna við störf 1. febrúar 2015

**Tafla 12.** Fjöldi annarra starfsmanna við störf 1. febrúar 2015, greindur eftir starfsstigi og kyni.

Starfstíll	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Sviðsstjóri/ framkvæmdastjóri	1	1	2	50,0%	50,0%
Skrifstofustjóri	0	2	2	0,0%	100,0%
Deildarstjóri	2	1	3	66,7%	33,3%
Saksóknari	4	1	5	80,0%	20,0%
Aðstoðarsaksóknari	2	1	3	66,7%	33,3%
Saksóknarafulltrúi/ Löglærður fulltrúi/ Lögræðingur	14	29	43	32,6%	67,4%
Sérfræðingur	24	21	45	53,3%	46,7%
Skrifstofumaður	9	58	67	13,4%	86,6%
Fangavörður	4	2	6	66,7%	33,3%
Ræsting	1	13	14	7,1%	92,9%
Landamæravörður	2	5	7	28,6%	71,4%
Umsjónarmaður	4	0	4	100,0%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>67</b>	<b>134</b>	<b>201</b>	<b>33,3%</b>	<b>66,7%</b>

### Félagastuðningur og handleiðsla starfsmanna

Öll lögregluembætti landsins starfa eftir verklagi félagastuðnings. Þau tryggja að hugað sé að starfsfólki og að haldnir séu viðrunarfundir í kjölfar streituvekjandi verkefna. Stuðningur fagfólks er mikilvægur þáttur í félagastuðningskerfi lögreglunnar og árið 2015 fékk 91 starfsmaður greidda sálfræðipjónustu í gegnum félagastuðningskerfið. Sálfræðingar sálfræðipjónustunnar Líf og sál sinntu flestum starfsmönnum samkvæmt samningi en lögreglumönnum er einnig heimilt að velja sér handleiðanda sem hefur starfsleyfi frá Landlæknisembættinu. Síðastliðin ár hafa, auk sálfræðinga, geðlæknar, fjölskylduráðgjafar og prestar veitt lögreglumönnum stuðning í gegnum tilvísanakerfi félagastuðningsins sem er í umsjón sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra. Aðsókn í handleiðslu/sálrænan stuðning hefur aukist mikið frá því byrjað var að bjóða upp á þessa þjónustu síðla árs 2007. Á neðangreindri mynd má sjá að 75 prósent aukning varð í ásókn í sálrænan stuðning árið 2015 miðað við meðaltal þriggja ára þar á undan.



**Mynd 4.** Fjöldi starfsmanna sem sótti handleiðslu hjá fagaðilum eftir árum.

Þessa aukningu má að einhverju leyti skýra með reglubundinni handleiðslu rannsóknarlögreglumanna og saksóknara sem vinna að rannsókn og saksókn kynferðisbrotamála en þó fékkst ekki fjárveiting til að halda þeirri þjónustu áfram á árinu 2015.

Ekki var haldið námskeið um félagastuðning í framhaldsdeild Lögregluskóla ríkisins en fram fór reglubundin þjálfun í streitu- og tilfinningastjórn í grunnnámi skólans.

### Jafnréttismál lögreglunnar

Í september 2015 var skipuð ný jafnréttisnefnd lögreglunnar til næstu þriggja ára. Nefndina skipa nú þrjár konur og þrír karlar. Í nefndinni sitja fulltrúi Lögreglustjórafélagsins (LR), fulltrúi Stéttarfélags í almannaðjónustu (SFR), fulltrúi Bandalags Háskólamanna (BHM), fulltrúi Lögregluskóla Ríkisins (LSR), fulltrúi Landssambands lögreglumanna (LL) og jafnréttisfulltrúi lögreglunnar. Sú breyting var gerð að stéttarfélögin tilnefna nú í nefndina aðildarmenn frá sér sem eru starfsmenn lögreglunnar. Í október hitti nefndin síðan nýskipaða jafnréttisfulltrúa lögreglustjóraembættanna á sínum árlega fundi. Á fundinum var m.a. kynning á fagráði lögreglunnar, þ.e. fyrirkomulagi og hlutverki þess og haldinn fræðslufyrirlestur um jafnrétti.

Á árinu 2015 var haldið áfram að vinna úr þeim tillögum til úrbóta sem komu í kjölfar niðurstaðna rannsóknar Finnborgar Salome Steinþórsdóttur, frá árinu 2013 á vinnuþvingu lögreglunnar. Haustið 2015 var ráðist í átak þar sem öllum lögregluembættunum stóð til boða fræðsla um samskipti, ágreining og einelti á vinnustað sem að mannauðsráðgjafarfyrirtækið Hugtak hafði umsjón með.

Í kjölfar úrskurðar kærunefndar í máli 1/2015 beindi innanríkisráðuneytið þeim tilmælum til lögregluembættanna í september að gera átak í því að leiðbeina konum, meðal lögreglumanna, sérstaklega í sinni starfsþróun svo þær eigi aukin tækifæri á stjórnunarstöðum innan lögreglunnar og eins að líta sérstaklega til jafnréttissjónarmiða þegar sett er til afleysinga í stjórnendastöðum. Í samráði við ríkislögreglustjóra var þess óskað að lögregluembættin skili inn til jafnréttisfulltrúa lögreglunnar aðgerðaráætlun um til hvaða aðgerða embættið hyggst grípa til að styðja sérstaklega við konur í sinni starfsþróun. Þær aðgerðaráætlanir verða síðan birtar í árlegri samantekt um jafnréttismál lögreglunnar.

Samvinna við kynjafræðiskor HÍ hélt áfram á árinu 2015 en hafin er vinna við umsókn í Jafnréttissjóð Íslands. Þá var aðgerðaráætlun í jafnréttismálum gefin út í október 2015 og er hér að finna hluta þeirra aðgerða sem vinna er hafin við:

- áframhaldandi vinna við feril um mannauðsmál í rafrænni upplýsingaöflun
- unnið að starfsþróun kvenna meðal lögreglumanna
- unnið að samræmingu vinnu og fjölskyldu hjá starfsmönnum lögreglunnar
- áframhaldandi vinna við endurskoðun á siðareglum lögreglunnar

## Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf

1. **Árlegur fundur yfirmanna sérsveita á Norðurlöndum, í Noregi í mars.** Mikilvægur vettvangur fyrir sameiginleg málefni sérsveitanna á sviði þjálfunar, búnaðar og skipulags.
2. **Námskeið í Ósló í apríl.** Námskeiðið fjallaði um mannfjöldastjórnun og skipulag og stjórnun stórra viðburða.
3. **Ráðstefna, júní í Þýskalandi.** Á þessari ráðstefnu komu saman 50 sérsveitir víða að úr heiminum. Fjallað var um ýmsar tegundir aðferðarfræði og síðan keppt á milli í útfærslum þeirra.
4. **Námskeið í Bandaríkjunum.** Námskeið um geislavarnir í samvinnu við Geislavarnir ríkisins.
5. **Námskeið, í Kanada í ágúst.** Námskeið um sprengjueyðingu sem fór fram í lögregluháskólanum í Ottawa.
6. **Námskeið, í Kanada í desember.** Námskeið um fortölur (Crisis Negotiation) sem fór fram í lögregluháskólanum í Ottawa.
7. **Samnorrænt námskeið, í Svíþjóð í júní.** Námskeið í þjálfun og notkun sprengjuleitarhunda.
8. **Samnorrænn fundur, í Noregi í apríl.** Á fundinum var fjallað um samvinnu Norðurlandanna varðandi þjálfun og notkun sprengjuleitarhunda.
9. **Nýliðanámskeið í Noregi, í september.** Fylgst með framkvæmd nýliðanámskeiðs hjá norsku sérsveitinni DELTA.
10. **Nýliðanámskeið í Danmörku, í janúar.** Fylgst með framkvæmd nýliðanámskeiðs hjá dönsku sérsveitinni AKS.
11. **Samnorrænir fundir um samstarf almennrar lögreglu á Norðurlöndunum (NOFOPS).** Sóttir voru þrjú fundir þar sem fjallað var um samvinnu almennrar löggæslu á sviði áætlanagerðar, tækjabúnaðar lögreglu og fl. NOFOPS er samráðsvettvangur yfirmanna lögreglu á Norðurlöndum en þar er fjallað um ýmis mál tengd samstarfi lögregluliða.
12. **Norræn fundur yfirmanna miðlægra greiningardeilda lögreglu og tollgæslu, í Finnlandi í febrúar.** Á þessum fundum var fjallað um norrænt samstarf á sviði greiningarvinnu lögreglu og tollgæslu vegna skipulagðrar glæpastarfsemi á Norðurlöndum. Farið var yfir helstu verkefni og rannsóknir sem eru í gangi. Einn fulltrúi greiningardeildar ríkislögreglustjóra sótti fundina.
13. **Norrænn fundur um vitnavernd, í Danmörku í maí.** Á þessum fundi var rætt það sem hæst ber í vitnaverndarmálum á Norðurlöndunum. Farið

var yfir einstök mál og þær aðferðir sem beitt er á þessum vettvangi. Einn fulltrúi greiningardeildar sótti fundinn.

14. **Norrænn fundur um samstarf rannsóknadeilda lögreglu og tollgæslu á Norðurlöndunum sem rannsaka skipulagða glæpastarfsemi, á Íslandi í júní og í Svíþjóð í desember.** Fulltrúi frá greiningardeild ríkislögreglustjóra auk fulltrúa frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og tollstjóranum sóttu fundinn og tengslafulltrúi Íslands hjá Europol auk fulltrúa frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum sóttu seinni fundinn.
15. **Samstarfshópur lögreglu í Evrópu um varnir gegn hryðjuverkum, í Kaupmannahöfn í júní og í London í nóvember.** Um er að ræða samstarf 31 þjóðar auk Europol á vettvangi varna gegn hryðjuverkum. Markmiðið er að efla bein tengsl Evrópuþjóða á sem skilvirkastan hátt. Einn fulltrúi greiningardeildar sótti fundina.
16. **Greiningaráðstefna í Vín í september.** Þrír starfsmenn greiningardeildar ásamt fulltrúum frá sérstökum saksóknara og Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu sóttu ráðstefnuna. Markmiðið var að efla færni og þekkingu á greiningarvinnu.
17. **ORACLE ráðstefna um mannauðs- og fjárhagshlutann.** Hilton, 13. nóvember 2015.
18. **Norrænn fundur um útgáfu afbrotatölfræði, haldinn á Íslandi í apríl 2015.** Þátttakendur voru frá ríkislögreglustjórum Noregs, Finnlands, Danmerkur og Svíþjóðar, auk Íslands. Frá Íslandi voru það tveir starfsmenn úr deild rannsókna og þróunar og einn úr upplýsingatæknideild sem sóttu fundinn. Þar var farið yfir tölfræðigreiningar sem unnar hafa verið í löndunum og stefnt er á að gefa út árlega.
19. **CEPOL-námskeið, European Medical and Psychological Experts' Network for Law Enforcement (EMPEN), í Jurmala í Lettlandi í júní.** Markmið ferðarinnar var að afla þekkingar á matsaðferðum við val á lögreglumönnum til bæði almennra starfa og sérverkefna. Framlag embættisins var vinnustofa um starfsgreiningu þar sem m.a. voru kynntar niðurstöður nýrrar íslenskrar könnunar.
20. **Europol – HENU fundur.** Samráðsfundur stjórnenda tengslaskrifstofa Europol í janúar og september.
21. **SIS/VIS Committe Meeting.** Samráðsfundur aðildarlanda Schengen samstarfsins um rekstur og notkun upplýsinga- og samskiptakerfa.
22. **Interpol, Head of NCB Meeting.** Árlegur samráðsfundur stjórnenda tengslaskrifstofa Interpol í Frakklandi í apríl.

- 23. Interpol, European Regional Conference.** Árlegur Evrópufundur Interpol. Haldinn í Rúmeníu í maí.
- 24. Schengen, Heads of SIRENE.** Samráðsfundur stjórnenda SIRENE skrifstofa.
- 25. Pan-European Football Security Training (v/NFIP contacts), CEPOL námskeið í boði.** Sérhæft námskeið fyrir NFIP fulltrúa haldið í júlí í Þýskalandi.
- 26. Interpol, General Assembly.** Árlegt allsherjarþing Interpol, fundur æðstu yfirmanna Interpol samhliða fundi ráðherra aðildarlandanna. Haldið í Rúanda í nóvember.
- 27. Frontex Meeting.** Samráðsfundur vegna lögreglufylgda á vegum Frontex. Haldinn í maí í Póllandi.
- 28. Samráðsfundir vegna SIS2, VIS og Eurodac.** Verkefnastjóri Schengen upplýsingakerfanna sótti fjóra samráðsfundi. Haldnir í Tallinn, Eistlandi.
- 29. Eurodac – Recast námskeið.** Tveir starfsmenn tölvudeildar sóttu námskeiðið í Strassbourg.
- 30. Heimsóknir fulltrúa tölvudeildar ríkislögreglustjórans í Danmörku.** Tvær heimsóknir þeirra til Íslands til að fá fræðslu um lögreglukerfið, LÖKE. Önnur heimsóknin var ásamt fulltrúum frá lögreglunni í Færeyjum og á Grænlandi.
- 31. Árlegur fundur yfirmanna tölvudeilda lögreglu á Nörðurlöndunum.** Haldinn í Kaupmannahöfn um miðjan maí. Sviðstjóri rekstrarsviðs og deildarstjóri tölvudeildar sóttu fundinn.
- 32. Heimsókn í höfuðstöðvar Microsoft í Seattle.** Sviðstjóra rekstrarsviðs og deildarstjóra tölvudeildar var boðið í heimsókn í höfuðstöðvar Microsoft í Seattle.

## Summary in English

- The National Commissioner of the Icelandic Police had a staff of 115, thereof 79 policemen and 36 civil staff at the end of 2015.
- In 2015 the National Commissioner of the Icelandic Police held meetings with the staff to follow up on improvement suggestions made by a group of employees who form an improvement group.
- The number of employed policemen in Iceland on the 1<sup>st</sup> of February 2015 was 712, thereof were 102 women. The number of civil staff was 201, thereof were 134 women.
- The Icelandic Police owned 140 vehicles, one fewer than in 2014. The total of 3.319.942 kilometres were driven by the Icelandic police in the year 2015. That is slightly less than the year before.
- Tablets in police cars were taken in use during 2015. The new technology improves service to the public and increases police work efficiency.
- The eruption in Holuhraun, which started with seismic activity in Bárðarbunga, ended in February 2015. The uncertainty level due to the seismic activity was lifted on 14<sup>th</sup> October 2015.
- In 2015 alert phases were declared 15 times by the Civil Protection in Iceland.
- At the end of June a report on Development of Standardized Volcanic Information was published as one part of a large scale research project called Future Volc. The report focused on disseminating information to the European Civil Protection Mechanism.
- The number of task-related calls to the Police Telecommunications Centre increased in the year 2015. The total number of calls were 91.495.
- In 2015, 405 specific tasks and 2.829 general tasks were registered for the Counter Terrorist Intervention Unit (CTIU). The general tasks mainly included arrests, domestic violence and surveillance.
- There has been a steady increase in the International Department's workload since 2013. The work on infrastructure of the department with increasing the level of knowledge, cooperation and reform of all kinds has continued. Cooperation between the International Department and Europol has been very successful.





